


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 2		
Véltrésmíði TRÉS1AB01 Námsáætlun haustönn 2016		

Kennari	Ketill Sigurðarson & Kristján Davíðsson	Sk.st.	KES & KRD
----------------	---	---------------	-----------

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði í véltrésmíði. Fjallað er um algengustu trésmíðavélar sem notaðar eru í tré- og byggingaiðnaði, meðferð þeirra og umhirðu. Farið er yfir grunnatriði við vinnslu á gegnheilum við, stillingar, fyrirbyggjandi viðhald, hlífar, hjálpartæki, líkamsbeitingu og öryggismál og nemendur fá innsýn í að velja og skipta um helstu eggjárn. Lögð er áhersla á notkunarleiðbeiningar og merkingar á tækjum og búnaði. Kennsla í áfanganum byggir á innlögnum frá kennara þar sem hann útskýrir grunnatriði fyrir nemendum með sérstakri áherslu á öryggisþætti en að öðru leyti er aðaláherslan á verkefni þar sem nemendur fá þjálfun í notkun véla og tækja. Áfanginn er hluti af grunnnámi byggingagreina.

Markmið

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu og notkun á algengustu trésmíðavélum
- öryggiskröfum sem gerðar eru við vinnu við trésmíðavélar

Nemandi öðlist leikni í að:

- nota trésmíðavélar við vinnu á gegnheilum við á öruggan hátt
- ganga um trésmíðaverkstæði sem vinnustað
- velja bitverkfæri við hæfi

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- vinna með gegnheilan við í bútsög, aftéttara, þykktarhefli og plötusög.
- gera sér grein fyrir því hvaða hættur eru fyrir hendi við vélavinnu og bregðast við þeim á réttan hátt
- vera ábyrgur við notkun og umgengni við trésmíðavélar og trésmíðaverkstæði

Námsgögn

Upplýsingar frá kennara

Verkefni og yfirferð

Bútan, afrétting, þykktarheflun, sögun.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Véltrésmíði TRÉS1AB01 Námsáætlun haustönn 2016		

Vika	Verkefni
33	Kynning
34 – 36	1. Bútun
36 – 40	2. Afrétting
36 – 40	3. Þykktarheflun
39 – 48	4. Sögun

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Verkefni taka mið af aðstæðum á verkstæði á hverjum tíma.

Námsmat

Áfanginn er sí matsáfnagi þar sem horft er til vinnu nemandans og ástundun í áfanganum.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Bútsög	Niðurefnun	10%	
Afréttari	Heflun og afrétting	20%	
Þykktarhefill	Heflun	20%	
Plötusög	Stærðartaka og samsetning	50%	
	Samtals:	100%	
Annað:			

Dagsetning:

18/8 '16
Kehill Sigurdsson
Þorsteinn Davíðsson
 Undirritun kennara

HALDÓR TORZÍ
 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils